



Borgarráð

Reykjavík, 9. desember 2025
MSS25120005

Erindisbréf - starfshópur vegna aðstöðumála Ungmennafélagsins Fjölnis

Erindisbréf starfshóps vegna aðstöðumála Ungmennafélagsins Fjölnis er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps vegna aðstöðumála Ungmennafélagsins Fjölnis.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Starfshópur vegna aðstöðumála Ungmennafélagsins Fjölnis

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Ungmennafélagið Fjölnir var stofnað 11. febrúar 1988 og er í dag hverfisfélag í Grafarvogi. Ungmennafélagið Fjölnir hefur óskað eftir því að aðstöðumál knattspyrnudeildar félagsins verði tekin til sérstakrar skoðunar af hálfu Reykjavíkurborgar.

Forráðamenn Ungmennafélagsins Fjölnis hafa bent á, á fundi með borgarstjóra og fulltrúum Reykjavíkurborgar og í skriflegu erindi til borgarstjóra dags. 14. október sl., að núverandi aðstaða knattspyrnudeildar félagsins sé ófullnægjandi. Aðstaðan sé hætt að mæta þörfum félagsins vegna aukins fjölda iðkenda.

Til að koma til móts við óskir félagsins er skipaður sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum félagsins, MÍR og ÍBR. Niðurstöður starfshópsins verði nýttar inn í vinnu stýrihóps um uppfærslu forgangsröðunar á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík.

Hlutverk:

- Starfshópnum er ætlað að leggja mat á þarfir Ungmennafélagsins Fjölnis þegar kemur að aðstöðu knattspyrnudeildar félagsins, í Dalhúsum og í/við Egilshöll.
- Starfshópurinn skal gera skýrslu um aðstöðumál knattspyrnudeildar Fjölnis og leggja fram tillögur að úrbótum, annars vegar til skamms tíma og hins vegar til frambúðar.

Starfshópin skipa:

Helga Friðriksdóttir, skrifstofustjóri íþróttaborgar, menningar- og íþróttasviði, formaður
Andrés Bögebjerg Andreassen, fjármálastjóri, menningar- og íþróttasviði,
Guðmundur G. Sigurbergsson, fulltrúi Ungmennafélagsins Fjölnis.
Birgir Birgisson, fulltrúi Ungmennafélagsins Fjölnis.
Frimann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Starfsmaður starfshópsins:

Magnús Kári Jónsson, starfsmaður Íþróttabandalags Reykjavíkur



**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 31. mars 2026.

Reykjavík, 9. desember 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík